



78

Sjá, nú er runninn nýársdagur



1. Sjá, nú er runn-inn ný - árs - dag - ur en nótt hinn liðn - a tím - ann fól,
 2. Hve mjög á liðn - um æv - i - ár - um þér áv - allt brot - ið höf - um mót.
 3. Með nýj - u ár - i nú vér biðj - um að nýj - an mátt oss gef - ir þú
 4. Krýn þú hið nýj - a náð - ar - ár - ið með náð - ar - gæð - um himn - i frá.



að nýj - u blómg - ast náð - ar - hag - ur því nú skín Drott - ins elsk - u sól.
 Vér biðj - um því með trega' og tár - um í traust - i Krists af hjart - ans rót:
 svo þér til dýrð - ar allt vér iðj - um með elsk - u, hlýðni' og sannr - i trú.
 Græð þinn - a barn - a sér - hvert sár - ið, í sorg og neyð þeim vert - u hjá.



Ó, Guð, vor fað - ir, þökk sé þér, af þinn - i mis - kunn fögn - um vér.
 Um ei - lífð hyl þú af - brot vor og af - má nú vor synd - a - spor.
 Þinn helg - ur and - i leggi' oss lið svo lesti' og synd - ir skilj - umst við.
 Æ, far - sæl vor - a fóst - ur - jörð og frels - a þín - a kristn - u hjörð.

5. Í Jesú nafni öll vor efni
 þér, eilíf gæskan, felum nú.
 Í verki' og hvíld, í vöku' og svefni
 oss verndi' og blessi náð þín trú.
 En þegar dauðans dregst að nótt,
 ó, Drottinn, gef að sofnum rótt.

6. Oss síðar vek til lífs í ljósi
 er ljómar dýrðarsólin skær
 og sælan æ með sigurhrósi
 og sérhvert unaðsblómið grær
 þar sem að nýár eilíft er
 og eilíft friðarlíf hjá þér.